

8. fundur í framkvæmdanefnd kirkjupings 2023-2024, 5. mars 2024

Mætt voru: Rúnar Vilhjálmsson, formaður, Arna Grétarsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar og Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjupings.

Fundur hófst kl. 9:00.

Dagskrá:

1. Ársreikningur Þjóðkirkjunnar 2023

- Undir liðnum komu á fund nefndarinnar endurskoðendur Þjóðkirkjunnar þær Sigríður Helga Sveinsdóttir og Helena Rós Sigurðardóttir frá KPMG.
- Lagður var fram ársreikningur Þjóðkirkjunnar vegna rekstrarársins 2023 og endurskoðunarskýrsla og kynntu endurskoðendur ársreikninginn og skýrsluna.

2. Lútherska heimssambandið LWF

- Undir liðnum komu á fund nefndarinnar Arnfríður Guðmundsdóttir og Magnea Sverrisdóttir. Drífa Hjartardóttir vék af fundi undir liðnum.
- Kynnti Arnfríður stöðu sína sem einn af varaforsetum Lútherska heimssambandsins. Óskaði hún eftir að eyrnamerkt væri fé sem fylgdi þessu hlutverki fram til ársins 2030.
- Framkvæmdanefnd fagnar að Þjóðkirkjan eigi fulltrúa í stjórn og framkvæmdanefnd Lútherska heimssambandsins og samþykkir að tryggja fjármagn vegna verksins. Ákveðið að Arnfríður og Magnea vinni minnisblað um umfang og kostnað sem tengist hlutverkinu.

3. Önnur mál

- BG upplýsti að búið sé að ganga frá leigusamningi vegna Borgartúns 26, búið sé að kynna flutninga fyrir starfsfólki og segja upp gildandi leigusamningi.
- BG upplýsti að andvirði sölunnar á Dalbraut 2, Dalvík, verði nýtt til að ganga frá framkvæmdum á íbúðarhúsnæði á Breiðabólstað.
- Rætt var um tillögu um söluheimild á Desjarmýri. Ákveðið að leggja tillöguna fram og afla frekari upplýsinga og gagna við meðferð málsins á þinginu og í nefnd.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 11:16.

Fundarritari: Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar.